

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/2058**2026/EES/24/34****frá 14. október 2025****um breytingu á II. og III. viðauka og leiðréttingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar matvæli sem eru ætluð til sérstakra, næringarlegra nota (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 10. gr.,með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum ⁽²⁾, einkum 5. mgr. 7. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra. E-hluti II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 inniheldur m.a. matvælaflokk 13, „matvæli sem eru ætluð til sérstakra næringarlegra nota eins og skilgreint er í tilskipun 2009/39/EB“.
- 2) Í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni, þ.m.t. burðarefni, sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvælaaukefni, matvælaensím, matvælabragðefni, næringarefni og skilyrði fyrir notkun þeirra.
- 3) Í tilteknum matvælaflokkum, undirflokkum, ákvæðum og skilyrðum fyrir notkun í E-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er vísað til tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/39/EB ⁽³⁾, sem náði yfir matvæli sem eru ætluð til sérstakra, næringarlegra nota, og til nokkurra tilskipana framkvæmdastjórnarinnar varðandi slík matvæli. Þar eð reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013 ⁽⁴⁾ felldi þessar tilskipanir úr gildi ætti að uppfæra þessar tilvísanir.
- 4) Þar eð vísað er til tilskipunar 2009/39/EB í matvælaflokki 13 ætti að skipta tilvísuninni út fyrir tilvísun í reglugerð (ESB) nr. 609/2013.
- 5) Þar eð vísað er til tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2006/141/EB ⁽⁵⁾ í matvælaflokkum 13.1.1 og 13.1.2 og sú tilskipun var felld úr gildi með reglugerð (ESB) nr. 609/2013 ætti að skipta tilvísuninni út fyrir tilvísun í þá reglugerð.
- 6) Þar eð neðanmálgreinar 15, 43 og 44 við matvælaflokk 13.1.1 og 13.1.2 innihalda tilvísanir í niðurfelldar tilskipanir ætti að uppfæra tilvísanirnar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L, 2025/2058, 15.10.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 16/2026 frá 6. febrúar 2026 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (biður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2008/1333/oj>.

(2) Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2008/1331/oj>.

(3) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/39/EB frá 6. maí 2009 um matvæli sem eru ætluð til sérstakra næringarlegra nota (Stjtið. ESB L 124, 20.5.2009, bls. 21, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dir/2009/39/oj>).

(4) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013 frá 12. júní 2013 um matvæli sem eru ætluð ungbörnum og smábörnum, matvæli sem eru notuð í sérstökum lækni- og fræðilegum tilgangi og þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 92/52/EBE, tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 96/8/EB, 1999/21/EB, 2006/125/EB og 2006/141/EB, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/39/EB og reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 41/2009 og (EB) nr. 953/2009 (Stjtið. ESB L 181, 29.6.2013, bls. 35, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2013/609/oj>).

(5) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/141/EB frá 22. desember 2006 um ungbarnablöndur og stoðblöndur og um breytingu á tilskipun 1999/21/EB (Stjtið. ESB L 401, 30.12.2006, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dir/2006/141/oj>).

- 7) Í matvælaflokki 13.1.3 er vísað til unninna matvæla með korn sem uppistöðu og barnamatar fyrir ungbörn og smábörn eins og skilgreint er í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/125/EB ⁽⁶⁾. Þessar vörur eru nú skilgreindar í reglugerð (ESB) nr. 609/2013 og því ætti að skipta tilvísuninni út.
- 8) Matvælaflokkur 13.1.4 nær yfir önnur matvæli fyrir smábörn, þ.e. afurðir, sem eru að stofni til úr mjólk, fyrir smábörn, annað en matvæli sem um getur í öðrum undirflokkum undir matvælaflokki 13. Þar eð þessar vörur falla ekki undir gildissvið reglugerðar (ESB) nr. 609/2013, þykir rétt að fella brott þennan flokk 13.1.4 og búa til, einungis að því er varðar löggjöf Sambandsins um matvælaaukefni, nýjan undirflokk 01.10 í matvælaflokki 01. „Mjólkurvörur og hliðstæður þeirra“ fyrir þessar vörur. Skráin yfir matvælaaukefni sem eru leyfð til notkunar og skilyrðin fyrir notkun þeirra ættu þó ekki að verða fyrir áhrifum og einungis ætti að fella brott tilvísanir sem virðast málinu óviðkomandi.
- 9) Þar eð vísað er til tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 1999/21/EB ⁽⁷⁾ í matvælaflokkum 13.1.5 og 13.2 og undirflokkum 13.1.5.2 og sú tilskipun var felld úr gildi með reglugerð (ESB) nr. 609/2013 ætti að skipta tilvísunum út fyrir tilvísanir í þá reglugerð. Þar eð enn fremur er vísað í „sérstakar blöndur fyrir ungbörn“ í matvælaflokki 13.1.5 og undirflokkum 13.1.5.1 og þetta hugtak er ekki notað samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 609/2013 ætti að fella þetta orðalag brott.
- 10) Matvælaflokkur 13.3 nær yfir sérfæðu til að stýra þyngd sem á að koma í staðinn fyrir allan matarskammt dagsins eða stakar máltíðir (í heild sinni eða hluta daglegrar fæðu). Þar eð reglugerð (ESB) nr. 609/2013 nær einungis yfir þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis ætti að breyta tilvísunum í matvælaflokk 13.3 til samræmis við það og færa ætti matvæli sem eru staðgöngumáltíðir sem koma í stað einnar máltíðar eða tveggja helstu máltíða á dag, sem hluta af orkuskertu megrunarfæði og stuðla að þyngdartapi eða að viðhaldi þyngdar eftir þyngdartap, í matvælaflokk 18 sem nýjan undirflokk 18.2. Þar eð mælt er fyrir um kröfur varðandi samsetningu þessara matvæla, sem mega bera samsvarandi heilsufullrýðingu, í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 432/2012 ⁽⁸⁾ ætti heitið á þessum nýja undirflokkum að vísa til þeirrar reglugerðar.
- 11) Matvælaflokkur 13.4 nær yfir matvæli sem henta fólki sem er með glútenóþol, eins og skilgreint er í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 41/2009 ⁽⁹⁾. Þessi reglugerð var felld úr gildi með reglugerð (ESB) nr. 609/2013. Þar eð flokkur 13 nær yfir matvæli sem eru notuð í sérstökum tilgangi sem falla undir gildissvið reglugerðar (ESB) nr. 609/2013 og sú reglugerð nær ekki yfir matvæli sem henta fólki sem er með glútenóþol ætti að færa þann matvælaflokk yfir í matvælaflokk 18 sem nýjan undirflokk 18.3.
- 12) Vegna nýju matvælaflokkanna 18.2 og 18.3 sem eru búnir til er nauðsynlegt að búa til nýjan matvælaflokk 18.1 sem nær yfir unnin matvæli sem falla ekki undir flokka 18.2 og 18.3, að undanskildum matvælum fyrir ungbörn og smábörn.
- 13) Einnig þykir rétt að leiðrétta E-númerið fyrir matvælaaukefnið advantam í matvælaflokkum 13.2 og 13.3.
- 14) Breytingarnar á matvælaflokkunum í E-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 sem eru innleiddar með þessari reglugerð ættu að endurspeglast í A- og D-hluta þess viðauka og í A- og B-þætti 5. hluta III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008. Því ætti að breyta þeim viðauka til samræmis við það.
- 15) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1333/2008 til samræmis við það.
- 16) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

⁽⁶⁾ Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/125/EB frá 5. desember 2006 um unnin matvæli með korn sem uppistöðu og barnamat fyrir ungbörn og smábörn (Stjtið. ESB L 339, 6.12.2006, bls. 16, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dir/2006/125/oj>).

⁽⁷⁾ Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/21/EB frá 25. mars 1999 um sérfæði sem er notað í sérstökum lækisfræðilegum tilgangi (Stjtið. EB L 91, 7.4.1999, bls. 29, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dir/1999/21/oj>).

⁽⁸⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 432/2012 frá 16. maí 2012 um samantekt lista yfir leyfilegar heilsufullrýðingar er varða matvæli og vísa hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna (Stjtið. ESB L 136, 25.5.2012, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2012/432/oj>).

⁽⁹⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 41/2009 frá 20. janúar 2009 um samsetningu og merkingu matvæla sem henta fólki með glútenóþol (Stjtið. ESB L 16, 21.1.2009, bls. 3, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2009/41/oj>).

2. gr.

Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Ákvæði II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 eru leiðrétt í samræmi við III. viðauka við þessa reglugerð.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. október 2025.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

I. VIÐAUKI

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað færslu 12 í töflu 1 í A-hluta kemur eftirfarandi:

„12	Þurrkað pasta, að undanskildu glútenlausu pasta (sem matvæli sem eru sérstaklega framleidd til að draga úr glúteninnihaldi í innihaldsefnum sem innihalda glúten eða skipta út innihaldsefnum sem innihalda glúten) og pasta sem ætlað er fyrir prótínsnautt sérfaði“
-----	---

- 2) Í stað færslu 30 í töflu 2 í A-hluta kemur eftirfarandi:

„30	Drykkir, að stofni til úr mjólk, og svipaðar vörur sem ætlaðar eru fyrir smábörn (*) og matvæli fyrir ungbörn og smábörn sem um getur í reglugerð (ESB) nr. 609/2013, þ.m.t. matvæli sem eru notuð í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi fyrir ungbörn og smábörn
-----	---

(*) Vöruflokkur sem komið var á fót í þeim eina tilgangi að setja reglur um notkun aukefna í hlutaðeigandi matvælum.“

- 3) Í D-hluta er eftirfarandi færslu bætt við á eftir færslunni fyrir flokk 01.9 (Æt kaseinöt):

„01.10	Drykkir, að stofni til úr mjólk, og svipaðar vörur sem ætlaðar eru fyrir smábörn (*)
--------	--

(*) Vöruflokkur sem komið var á fót í þeim eina tilgangi að setja reglur um notkun aukefna í hlutaðeigandi matvælum.“

- 4) Í stað færslanna fyrir flokk 13 (Matvæli sem eru ætluð til sérstakra næringarlegra nota eins og skilgreint er í tilskipun 2009/39/EB) og undirflokka þeirra í D-hluta kemur eftirfarandi:

„13.	Matvæli sem eru ætluð fyrir tiltekna hópa eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 609/2013
13.1	Matvæli fyrir ungbörn og smábörn
13.1.1	Ungbarnablöndur eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 609/2013
13.1.2	Stoðblöndur eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 609/2013
13.1.3	Unnin matvæli með korn sem uppistöðu og barnamatur eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 609/2013
13.1.5	Matvæli sem eru notuð í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi, eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 609/2013, sem eru ætluð ungbörnum og smábörnum
13.1.5.1	Matvæli sem eru notuð í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi, eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 609/2013, sem eru ætluð ungbörnum
13.1.5.2	Matvæli sem eru notuð í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi, eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 609/2013, sem eru ætluð ungbörnum frá og með fjögurra mánaða aldri og smábörnum
13.2	Matvæli sem eru notuð í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 609/2013 (að undanskildum vörum í matvælaflokki 13.1.5)
13.3	Þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 609/2013“

- 5) Í stað færslunnar fyrir flokk 18 (Unnin matvæli sem ekki falla undir flokk 1 til 17, að undanskildum matvælum fyrir ungbörn og smábörn) í D-hluta kemur eftirfarandi:

„18.	Unnin matvæli sem falla ekki undir flokk 1 til 17
18.1	Unnin matvæli sem ekki falla undir flokk 18.2 og 18.3, að undanskildum matvælum fyrir ungbörn og smábörn
18.2	Staðgöngumáttíð til að stýra þyngd eins og um getur í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 432/2012 (*)
18.3	Matvæli sem eru sérstaklega framleidd til að draga úr glúteninnihaldi í innihaldsefnum sem innihalda glúten eða skipta út innihaldsefnum sem innihalda glúten

(*) Stjtið. ESB L 136, 25.5.2012, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2012/432/oj>.*

- 6) Í stað færslanna fyrir E 290 (Koltvísýringur), E 938 (Argon), E 939 (Helíum), E 941 (Köfnunarefni), E 942 (Nituroxíð), E 948 (Súrefni) og E 949 (Vetni) í flokki 0 (Matvælaaukefni sem eru leyfð í öllum matvælaflokkum að undanskildum matvælum fyrir ungbörn og smábörn, nema sérstaklega sé kveðið á um það) í E-hluta kemur eftirfarandi:

„E 290	Koltvísýringur	<i>eftir þörfum</i>	Má nota í matvæli fyrir ungbörn og smábörn og matvæli sem um getur í lið 01.10 í E-hluta II. viðauka
E 938	Argon	<i>eftir þörfum</i>	Má nota í matvæli fyrir ungbörn og smábörn og matvæli sem um getur í lið 01.10 í E-hluta II. viðauka
E 939	Helíum	<i>eftir þörfum</i>	Má nota í matvæli fyrir ungbörn og smábörn og matvæli sem um getur í lið 01.10 í E-hluta II. viðauka
E 941	Köfnunarefni	<i>eftir þörfum</i>	Má nota í matvæli fyrir ungbörn og smábörn og matvæli sem um getur í lið 01.10 í E-hluta II. viðauka

E 942	Nituroxíð	<i>eftir þörfum</i>		Má nota í matvæli fyrir ungbörn og smábörn og matvæli sem um getur í lið 01.10 í E-hluta II. viðauka
E 948	Súrefni	<i>eftir þörfum</i>		Má nota í matvæli fyrir ungbörn og smábörn og matvæli sem um getur í lið 01.10 í E-hluta II. viðauka
E 949	Vetni	<i>eftir þörfum</i>		Má nota í matvæli fyrir ungbörn og smábörn og matvæli sem um getur í lið 01.10 í E-hluta II. viðauka“

7) Í E-hluta er eftirfarandi færslu bætt við á eftir færslunni fyrir flokk 01.9 (Æt kaseínöt):

„01.10	Drykkir, að stofni til úr mjólk, og svipaðar vörur sem ætlaðar eru fyrir smábörn (*)			
	Hámarksnotkunargildin eiga við um matvæli sem eru tilbúin til neyslu og eru tilreidd í samræmi við fyrirmæli framleiðenda			
	<i>Athugasemd:</i> Við framleiðslu á sýrri mjólk er heimilt að nota ræktir sem eru ekki sjúkdómsvaldandi og sem mynda L(+)-mjólkursýru			
E 270	Mjólkursýra	<i>eftir þörfum</i>		Einungis L(+)-form
E 304(i)	L-askorbýlpalmítat	100	(19)	
E 306	Tókóferólauðugur kjarni	100	(19)	
E 307	α-tókóferól	100	(19)	
E 308	γ-tókóferól	100	(19)	
E 309	δ-tókóferól	100	(19)	
E 322	Lesítín	10 000	(14)	
E 330	Sítrónusýra	<i>eftir þörfum</i>		
E 331	Natríumsítrót	2 000	(1)	

E 332	Kalíumsítröt	<i>eftir þörfum</i>	(1)	
E 338	Fosfórsýra		(1) (4)	
E 339	Natríumfosföt	1 000	(1) (4)	
E 340	Kalíumfosföt	1 000	(1) (4)	
E 407	Karragenan	300		
E 410	Karóbgúmmí	10 000	(21)	
E 412	Gúargúmmí	10 000	(21)	
E 414	Arabískt gúmmí	10 000	(21)	
E 415	Xantangúmmí	10 000	(21)	
E 440	Pektín	5 000	(21)	
E 471	Ein- og tvíglýseríð af fitusýrum	4 000	(14)	
E 472c	Sítrónusýruesterar ein- og tvíglýseríða af fitusýrum	7 500	(14)	Einungis þegar afurðin er seld í duftformi
E 472c	Sítrónusýruesterar ein- og tvíglýseríða af fitusýrum	9 000	(14)	Einungis þegar afurðin er seld í fljótandi formi og hún inniheldur prótín sem eru vatnsrofin að hluta til, peptíð eða aminosýrur
E 473	Súkrósaesterar af fitusýrum	120	(14)	Einungis afurðir sem innihalda vatnsrofin prótín, peptíð eða aminosýrur
E 500	Natríumkarbónöt	<i>eftir þörfum</i>		
E 501	Kalíumkarbónöt	<i>eftir þörfum</i>		
E 503	Ammóníumkarbónöt	<i>eftir þörfum</i>		

E 507	Saltsýra	<i>eftir þörfum</i>		Einungis til sýrustigsstillingar
E 524	Natríumhýdroxíð	<i>eftir þörfum</i>		Einungis til sýrustigsstillingar
E 525	Kalíumhýdroxíð	<i>eftir þörfum</i>		Einungis til sýrustigsstillingar
E 1404	Oxuð sterkja	50 000		
E 1410	Mónósterkjufosfat	50 000		
E 1412	Dísterkjufosfat	50 000		
E 1413	Fosfatað dísterkjufosfat	50 000		
E 1414	Asetýlað dísterkjufosfat	50 000		
E 1420	Asetýluð sterkja	50 000		
E 1422	Asetýlað dísterkjuadípat	50 000		
E 1450	Natríumoktenýlsúksí natsterkja	50 000		
		(1): Bæta má aukefnunum í hverju fyrir sig eða saman		
		(4): Hámarksgildið er gefið upp sem P ₂ O ₅		
		(14): Ef fleiri en einu efnanna E 322, E 471, E 472c og E 473 er bætt við matvæli er hámarksgildið fyrir hvert þessara efna í viðkomandi matvælum lækkað í hlutfalli við samanlagt magn hinna efnanna í viðkomandi matvælum		
		(19): E 304, E 306, E 307, E 308 og E 309 eru leyfð sitt í hvoru lagi eða saman		
		(21): E 410, E 412, E 414, E 415 og E 440 eru leyfð sitt í hvoru lagi eða saman		

(*) Vöruflokkur sem komið var á fót í þeim eina tilgangi að setja reglur um notkun aukefna í hlutaðeigandi matvælum.“

- 8) Í stað færslunnar fyrir flokk 06.4.2 (Þurrkað pasta) í E-hluta kemur eftirfarandi:

„06.4.2	Þurrkað pasta			
	I. flokkur	Aukefni		Einungis glútenlaust pasta (sem matvæli sem eru sérstaklega framleidd til að draga úr glúteninnihaldi í innihaldsefnum sem innihalda glúten eða skipta út innihaldsefnum sem innihalda glúten) og pasta sem ætlað er fyrir prótínsnautt sérfaði“

- 9) Í stað fyrirsagnar flokks 13 (Matvæli sem eru ætluð til sérstakra næringarlegra nota eins og skilgreint er í tilskipun 2009/39/EB) í E-hluta kemur eftirfarandi:

„13	Matvæli sem eru ætluð fyrir tiltekna hópa eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 609/2013“
-----	--

- 10) Í stað færslunnar fyrir flokk 13.1 (Matvæli fyrir ungbörn og smábörn) í E-hluta kemur eftirfarandi:

„13.1	Matvæli fyrir ungbörn og smábörn
	INNGANGUR, GILDIR UM ALLA UNDIRFLOKKA
	Hámarksnotkunargildin eiga við um matvæli sem eru tilbúin til neyslu og eru tilreidd í samræmi við fyrirmæli framleiðenda
	Nota skal E 307, E 325, E 330, E 331, E 332, E 333, E 338, E 340, E 410, E472c og E 1450 í samræmi við þau gildi sem sett eru í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr 609/2013, í viðaukunum við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/127 (*), í viðaukunum við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/128 (**), og í viðaukunum við tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/125/EB (***)

(*) Stjtið. ESB L 25, 2.2.2016, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2016/127/oj.

(**) Stjtið. ESB L 25, 2.2.2016, bls. 30, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2016/128/oj.

(***) Stjtið. ESB L 339, 6.12.2006, bls. 16, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dir/2006/125/oj>“

- 11) Í stað fyrirsagnar flokks 13.1.1 (Ungbarnablöndur eins og skilgreint er í tilskipun 2006/141/EB) í E-hluta kemur eftirfarandi:

„13.1.1	Ungbarnablöndur eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 609/2013“
---------	--

- 12) Í stað neðanmálgreinar (15) við flokka 13.1.1 og 13.1.2 í E-hluta kemur eftirfarandi:

„(15): E 339 og E 340 eru leyfð sitt í hvoru lagi eða saman og í samræmi við gildin sem sett eru í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 609/2013 og í viðaukunum við framselda reglugerð (ESB) 2016/127“

- 13) Í stað neðanmálgreinar (43) við flokka 13.1.1 og 13.1.2 í E-hluta kemur eftirfarandi:

„(43): E 331 og E 332 eru leyfð sitt í hvoru lagi eða saman og í samræmi við gildin sem sett eru í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 609/2013 og í viðaukunum við framselda reglugerð (ESB) 2016/127“

- 14) Í stað neðanmálgreinar (44) við flokka 13.1.1 og 13.1.2 í E-hluta kemur eftirfarandi:

„(44): Í samræmi við gildin sem sett eru í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 609/2013 og í viðaukunum við framselda reglugerð (ESB) 2016/127“

- 15) Í stað fyrirsagnar flokks 13.1.2 (Stoðblöndur eins og skilgreint er í tilskipun 2006/141/EB) í E-hluta kemur eftirfarandi:

„13.1.2	Stoðblöndur eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 609/2013“
---------	--

- 16) Í stað fyrirsagnar flokks 13.1.3. (Unnin matvæli með korn sem uppistöðu og barnamatur fyrir ungbörn og smábörn eins og skilgreint er í tilskipun 2006/125/EB) í E-hluta kemur eftirfarandi:

„13.1.3.	Unnin matvæli með korn sem uppistöðu og barnamatur eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 609/2013“
----------	---

- 17) Í E-hluta er færslan fyrir flokk 13.1.4 (Önnur matvæli fyrir smábörn) felld brott.

- 18) Í stað fyrirsagnar flokks 13.1.5 (Sérfaða fyrir ungbörn og smábörn til notkunar í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi eins og skilgreint er í tilskipun 1999/21/EB og sérstakar blöndur fyrir ungbörn) í E-hluta kemur eftirfarandi:

„13.1.5	Matvæli sem eru notuð í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi, eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 609/2013, sem eru ætluð ungbörnum og smábörnum“
---------	---

- 19) Í stað fyrirsagnar flokks 13.1.5.1 (Sérfaða fyrir ungbörn, notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi og sérstakar blöndur fyrir ungbörn) í E-hluta kemur eftirfarandi:

„13.1.5.1	Matvæli sem eru notuð í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 609/2013, sem eru ætluð ungbörnum“
-----------	---

- 20) Í stað fyrirsagnar flokks 13.1.5.2 (Sérfaða fyrir ungbörn og smábörn til notkunar í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi eins og skilgreint er í tilskipun 1999/21/EB) í E-hluta kemur eftirfarandi:

„13.1.5.2	Matvæli sem eru notuð í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi, eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 609/2013, sem eru ætluð ungbörnum frá og með fjögurra mánaða aldri og smábörnum“
-----------	--

- 21) Í stað fyrirsagnar flokks 13.2 (Sérfaða sem er notuð í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi eins og skilgreint er í tilskipun 1999/21/EB (að undanskildum vörum í matvælaflokki 13.1.5)) í E-hluta kemur eftirfarandi:

„13.2	Matvæli sem eru notuð í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 609/2013 (að undanskildum vörum í matvælaflokki 13.1.5)“
-------	---

- 22) Í stað fyrirsagnar flokks 13.3 (Sérfaða til að stýra þyngd sem á að koma í staðinn fyrir allan matarskammt dagsins eða stakar máltíðir (í heild sinni eða hluta daglegrar fæðu)) í E-hluta kemur eftirfarandi:

„13.3	Þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 609/2013“
-------	---

- 23) Í E-hluta er færslan fyrir flokk 13.4 (Matvæli sem henta fólki sem er með glútenþol, eins og skilgreint er í reglugerð (EB) nr. 41/2009) felld brott.

- 24) Í E-hluta er færslunni fyrir flokk 18 (Unnin matvæli sem ekki falla undir flokk 1 til 17, að undanskildum matvælum fyrir ungbörn og smábörn) skipt út og nýju færslunum fyrir flokka 18.1 til 18.3 er bætt við sem hér segir:

„18	Unnin matvæli sem falla ekki undir flokk 1 til 17			
18.1	Unnin matvæli sem ekki falla undir flokk 18.2 og 18.3, að undanskildum matvælum fyrir ungbörn og smábörn			
	I. flokkur	Aukefni		
18.2	Staðgöngumáltíð til að stýra þyngd eins og um getur í reglugerð (ESB) nr. 432/2012			
	I. flokkur	Aukefni		
	II. flokkur	Litarefni eftir þörfum	<i>eftir þörfum</i>	
	III. flokkur	Litarefni með samsett hámarksgildi	50	
	IV. flokkur	Fjölalkóhól	<i>eftir þörfum</i>	
	E 104	Kínólíngult	10	(61)
	E 110	Sólseturgult FCF/appelsínugult S	10	(61)
	E 124	Ponseau 4R, kókínílrætt A	10	(61)
	E 160d	Lýkópen	30	
	E 200–213	Sorbínsýra – kalíumsorbat; bensósýra – bensóöt	1 500	(1) (2)
	E 338–452	Fosfórsýra — fosföt — dí-, trí- og fjölfosföt	5 000	(1) (4)
	E 405	Própan-1,2- díólgínat	1 200	
	E 432–436	Pólýsorböt	1 000	(1)
	E 473–474	Súkrósaesterar af fitusýrum – súkróglýseríð	5 000	(1)
	E 475	Pólýglýserólesterar af fitusýrum	5 000	
	E 477	Própan-1,2- díólesterar af fitusýrum	1 000	

E 481–482	Steróyl-2-laktýlöt	2 000	(1)	
E 491–495	Sorbítanesterar	5 000	(1)	
E 950	Asesúlfam-K	450		
E 951	Aspartam	800		
E 952	Sýklamínsýra og natríum- og kalsíumsölt hennar	400	(51)	
E 954	Sakkarín og natríum-, kalíum- og kalsíumsölt þess	240	(52)	
E 955	Súkralósi	320		
E 959	Neóhesperidín DC	100		
E 960a–960d	Stevíólglykósíð	270	(1) (60)	
E 961	Neótam	26		
E 962	Aspartam- og asesúlfamsalt	450	(11)a (49) (50)	
E 969	Advantam	8		
	(1): Bæta má aukefnunum í hverju fyrir sig eða saman			
	(2): Hámarksgildið gildir um summuna og gildin eru gefin upp sem óbundin sýra			
	(4): Hámarksgildið er gefið upp sem P ₂ O ₅			
	(11): Gildi eru gefin upp sem a) asesúlfam-K-jafngildi eða b) sem aspartamjafngildi			
	(49): Hámarksnotkunargildi eru leidd af hámarksnotkunargildum fyrir alla efnisþættina, aspartam (E 951) og asesúlfam-K (E 950)			
	(50): Ekki má fara yfir gildin fyrir bæði E 951 og E 950 með notkun aspartam-asesúlfamsalts, hvorki einu og sér né með E 950 eða E 951			
	(51): Hámarksnotkunargildi eru gefin upp sem óbundin sýra			
	(52): Hámarksnotkunargildi eru gefin upp sem óbundið imið			
	(60): Gefið upp sem stevíóljafngildi			
	(61): Heildarmagn E 104, E 110, E 124 og litarefna í III. flokki skal ekki fara yfir það hámarksmagn sem skráð er fyrir III. flokk			

18.3	Matvæli sem eru sérstaklega framleidd til að draga úr glúteninnihaldi í innihaldsefnum sem innihalda glúten eða skipta út innihaldsefnum sem innihalda glúten“			
	Vörur í þessum flokki mega líka innihalda aukefni sem eru leyfð í samsvarandi matvælaflokkum hliðstæðna			
I. flokkur	Aukefni			Þ.m.t. þurrkað pasta
II. flokkur	Litarefni þörfum	eftir <i>eftir þörfum</i>		
IV. flokkur	Fjölalkóhól	<i>eftir þörfum</i>		
E 338–452	Fosfórsýra — fosföt — dí-, trí- og fjölfosföt	5 000	(1) (4)	
	Þar að auki eru leyfð öll aukefni í hliðstæðum afurðum sem innihalda glúten			
		(1): Bæta má aukefnunum í hverju fyrir sig eða saman		
		(4): Hámarksgildið er gefið upp sem P ₂ O ₅ “		

II. VIÐAUKI

Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt sem hér segir:

1) Í stað 1. liðar í skilgreiningunum kemur eftirfarandi:

„1. „Næringarefni“ merkir, að því er varðar þennan viðauka, vítamín, steinefni og önnur efni, sem bætt er í matvæli vegna næringarmarkmiða, svo og efni, sem bætt er í matvæli í lífeðlisfræðilegum tilgangi, sem falla undir reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1925/2006 (*), tilskipun 2002/46/EB og reglugerð (ESB) nr. 609/2013.

(*) Stj. tíð. ESB L 404, 30.12.2006, bls. 26, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2006/1925/oj>.“

2) Í stað inngangsorðanna í A-þætti 5. hluta kemur eftirfarandi:

„— Matvælaaukefni sem er bætt í næringarefni, nema í næringarefni sem ætluð eru til notkunar í matvæli sem eru tilgreind í lið 01.10 í E-hluta II. viðauka og matvæli fyrir ungbörn og smábörn sem eru tilgreind í lið 13.1 í E-hluta II. viðauka.“

3) Í stað inngangsorðanna í B-þætti 5. hluta kemur eftirfarandi:

„— Matvælaaukefni sem er bætt í næringarefni sem ætluð eru til notkunar í matvæli sem eru tilgreind í lið 01.10 í E-hluta II. viðauka og matvæli fyrir ungbörn og smábörn sem eru tilgreind í lið 13.1 í E-hluta II. viðauka.“

4) Í stað töflunnar í B-þætti 5. hluta kemur eftirfarandi:

„E-númer matvælaaukefnisins	Heiti matvælaaukefnisins	Hámarksgildi	Næringarefni sem heimilt er að bæta matvælaaukefninu við í	Matvælaflokkur
E 301	Natríumaskorbat	100 000 mg/kg í D-vítamínblöndum og 1 mg/l hámarksyfírfærsla í endanlegum matvælum	D-vítamínblöndur	Ungbarnablöndur og stoðblöndur eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 609/2013
		50 000 mg/kg í örhyllkjúðum A-vítamínblöndum og 1 mg/l hámarksyfírfærsla í endanlegum matvælum	Örhyllkjáðar A-vítamínblöndur	Ungbarnablöndur og stoðblöndur eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 609/2013
		Heildaryfírfærsla 75 mg/l	Hjúpur fyrir næringarefnablöndur sem innihalda fjólómettáðar fitusýrur	Matvæli fyrir ungbörn og smábörn og matvæli sem um getur í lið 01.10 í E-hluta II. viðauka
E 304(i)	Askorbýlpalmítat	Til notkunar í næringarefnablöndur með því skilyrði að ekki sé farið umfram það hámarksgildi í matvælum sem um getur í lið 01.10 og 13.1 í E-hluta II. viðauka	Öll næringarefni	Matvæli fyrir ungbörn og smábörn og matvæli sem um getur í lið 01.10 í E-hluta II. viðauka
E 306 E 307 E 308 E 309	Tókóferólauðugur kjarni α-tókóferól γ-tókóferól δ-tókóferól	Til notkunar í næringarefnablöndur með því skilyrði að ekki sé farið umfram það hámarksgildi í matvælum sem um getur í lið 01.10 og 13.1 í E-hluta II. viðauka	Öll næringarefni	Matvæli fyrir ungbörn og smábörn og matvæli sem um getur í lið 01.10 í E-hluta II. viðauka

„E-númer matvælaaukefnisins	Heiti matvælaaukefnisins	Hámarksgildi	Næringarefni sem heimilt er að bæta matvælaaukefninu við í	Matvælaflokkur
E 322	Lesítín	Til notkunar í næringarefnablöndur með því skilyrði að ekki sé farið umfram það hámarksgildi í matvælum sem um getur í lið 01.10 og 13.1 í E-hluta II. viðauka	Öll næringarefni	Matvæli fyrir ungbörn og smábörn og matvæli sem um getur í lið 01.10 í E-hluta II. viðauka
E 330	Sítrónusýra	<i>eftir þörfum</i>	Öll næringarefni	Matvæli fyrir ungbörn og smábörn og matvæli sem um getur í lið 01.10 í E-hluta II. viðauka
E 331	Natríumsítröt	Til notkunar í næringarefnablöndur með því skilyrði að ekki sé farið umfram það hámarksgildi í matvælum sem um getur í lið 01.10 og 13.1 í E-hluta II. viðauka og að notkunarskilyrðin, sem þar eru tilgreind, séu virt	Öll næringarefni	Matvæli fyrir ungbörn og smábörn og matvæli sem um getur í lið 01.10 í E-hluta II. viðauka
E 332	Kalíumsítröt	Til notkunar í næringarefnablöndur með því skilyrði að ekki sé farið umfram það hámarksgildi í matvælum sem um getur í lið 01.10 og 13.1 í E-hluta II. viðauka og að notkunarskilyrðin, sem þar eru tilgreind, séu virt	Öll næringarefni	Matvæli fyrir ungbörn og smábörn og matvæli sem um getur í lið 01.10 í E-hluta II. viðauka
E 333	Kalsíumsítröt	Heildaryfirfærsla 0,1 mg/kg, gefið upp sem kalsíum og innan marka kalsíumgildis og kalsíum-/fosfórhlutfalls eins og það er ákvarðað fyrir matvælaflokkinn	Öll næringarefni	Matvæli fyrir ungbörn og smábörn og matvæli sem um getur í lið 01.10 í E-hluta II. viðauka
E 341(iii)	Þríkalsíumfosfat	Hámarksyfirfærsla 150 mg/kg, gefið upp sem P ₂ O ₅ og innan marka að því er varðar kalsíum og fosfór og hlutfallið á milli kalsíums og fosförs sem er fastsett í framseldri reglugerð (ESB) 2016/127	Öll næringarefni	Ungbarnablöndur og stöð-blöndur eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 609/2013
		Hámarksgildi 1 000 mg/kg, gefið upp sem P ₂ O ₅ , vegna allrar notkunar í endanlegum matvælum, sem um getur í lið 13.1.3 í E-hluta II. viðauka, er virt.	Öll næringarefni	Unnin matvæli með korn sem uppistöðu og barnamatur fyrir ungbörn og smábörn eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 609/2013

„E-númer matvælaaukefnisins	Heiti matvælaaukefnisins	Hámarksgildi	Næringarefni sem heimilt er að bæta matvælaaukefninu við í	Matvælaflokkur
E 401	Natríumalgínat	Til notkunar í næringarefnablöndur með því skilyrði að ekki sé farið yfir hámarksgildi í matvælum sem um getur í lið 13.1.3 í E-hluta II. viðauka.	Öll næringarefni	Unnin matvæli með korn sem uppistöðu og barnamatur fyrir ungbörn og smábörn eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 609/2013
E 402	Kalíumalgínat	Til notkunar í næringarefnablöndur með því skilyrði að ekki sé farið umfram það hámarksgildi í matvælum sem um getur í lið 01.10 og 13.1.3 í E-hluta II. viðauka	Öll næringarefni	Unnin matvæli með korn sem uppistöðu og barnamatur fyrir ungbörn og smábörn eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 609/2013
E 404	Kalsíumalgínat	Til notkunar í næringarefnablöndur með því skilyrði að ekki sé farið yfir hámarksgildi í matvælum sem um getur í lið 13.1.3 í E-hluta II. viðauka.	Öll næringarefni	Unnin matvæli með korn sem uppistöðu og barnamatur fyrir ungbörn og smábörn eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 609/2013
E 414	Arabískt gúmmí	150 000 mg/kg í næringarefnablöndu og 10 mg/kg yfirfærsla í fullunnu vörunni	Öll næringarefni	Matvæli fyrir ungbörn og smábörn og matvæli sem um getur í lið 01.10 í E-hluta II. viðauka
E 415	Xantangúmmí	Til notkunar í næringarefnablöndur með því skilyrði að ekki sé farið yfir hámarksgildi í matvælum sem um getur í lið 13.1.3 í E-hluta II. viðauka.	Öll næringarefni	Unnin matvæli með korn sem uppistöðu og barnamatur fyrir ungbörn og smábörn eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 609/2013
E 421	Mannítól	1000 sinnum meira en B12-vítamín 3 mg/kg heildaryfirfærsla	Sem burðarefni fyrir B12-vítamín	Matvæli fyrir ungbörn og smábörn og matvæli sem um getur í lið 01.10 í E-hluta II. viðauka
E 440	Pektín	Til notkunar í næringarefnablöndur með því skilyrði að ekki sé farið yfir hámarksgildi í matvælum sem um getur í lið 13.1 í E-hluta II. viðauka.	Öll næringarefni	Stoðblöndur og unnin matvæli með korn sem uppistöðu og barnamatur fyrir ungbörn og smábörn eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 609/2013

„E-númer matvæla- aukefnisins	Heiti matvælaaukefnisins	Hámarksgildi	Næringarefni sem heimilt er að bæta matvælaaukefninu við í	Matvælaflokkur
E 466	Natríumkarboxým etýlsellulósi, Sellulósagúmmí	Til notkunar í næringarefnablöndur með því skilyrði að ekki sé farið yfir hámarksgildi í matvælum sem um getur í lið 13.1.5 í E-hluta II. viðauka. Einungis til 26. apríl 2027 ⁽¹⁾	Öll næringarefni	Matvæli sem eru notuð í sérstökum lækni- fræðilegum tilgangi, eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 609/2013, sem eru ætluð ungbörnum og smábörnum
E 471	Ein- og tvíglýseríð af fitusýrum	Til notkunar í næringarefnablöndur með því skilyrði að ekki sé farið umfram það hámarksgildi í matvælum sem um getur í lið 01.10 og 13.1 í E-hluta II. viðauka og að notkunarskilyrðin, sem þar eru tilgreind, séu virt	Öll næringarefni	Matvæli fyrir ungbörn og smábörn og matvæli sem um getur í lið 01.10 í E-hluta II. viðauka
E 472c	Sítrónusýruesterar ein- og tvíglýseríða af fitusýrum	Til notkunar í næringarefnablöndur með því skilyrði að ekki sé farið umfram það hámarksgildi í matvælum sem um getur í lið 01.10 og 13.1 í E-hluta II. viðauka	Öll næringarefni	Ungbarnablöndur og stoðblöndur fyrir ungbörn og smábörn við góða heilsu
E 551	Kísildíoxíð	10 000 mg/kg í næringarefnablöndur	Næringarefnablöndur í duftformi	Matvæli fyrir ungbörn og smábörn og matvæli sem um getur í lið 01.10 í E-hluta II. viðauka
E 1420	Asetýluð sterkja	Til notkunar í næringarefnablöndur með því skilyrði að ekki sé farið yfir hámarksgildi í matvælum sem um getur í lið 13.1.3 í E-hluta II. viðauka.	Öll næringarefni	Unnin matvæli með korn sem uppistöðu og barnamatur fyrir ungbörn og smábörn eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 609/2013
E 1450	Natríumoktenýlsúk sínatsterkja	Yfirfærsla 100 mg/kg	Vítamínblöndur	Matvæli fyrir ungbörn og smábörn og matvæli sem um getur í lið 01.10 í E-hluta II. viðauka
		Yfirfærsla 1 000 mg/kg	Fjölómættaðar fitusýrublöndur	
E 1451	Asetýluð, oxuð sterkja	Til notkunar í næringarefnablöndur með því skilyrði að ekki sé farið yfir hámarksgildi í matvælum sem um getur í lið 13.1.3 í E-hluta II. viðauka.	Öll næringarefni	Unnin matvæli með korn sem uppistöðu og barnamatur fyrir ungbörn og smábörn eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 609/2013

⁽¹⁾ Stjórið. ESB L, 2025/666, 7.4.2025, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2025/666/oj>.”

III. VIÐAUKI

Ákvæði II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 eru leiðrétt sem hér segir:

- 1) Í stað færslunnar fyrir advantam í flokki 13.2. (Sérfæða sem er notuð í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi eins og skilgreint er í tilskipun 1999/21/EB (að undanskildum vörum í matvælaflokki 13.1.5) í E-hluta kemur eftirfarandi:

	„E 969	Advantam	10“			
--	--------	----------	-----	--	--	--

- 2) Í stað færslunnar fyrir advantam í flokki 13.3 (Sérfæða til að stýra þyngd sem á að koma í staðinn fyrir allan matarskammt dagsins eða stakar máltíðir (í heild sinni eða hluta daglegrar fæðu)) í E-hluta kemur eftirfarandi:

	„E 969	Advantam	8“			
--	--------	----------	----	--	--	--